

16.2.2015

Umsögn Embættis landlæknis
Þingskjal 605 – 408. mál
Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994

1.gr.

Embætti landlæknis hefur ekki athugasemdir við þessa grein.

2.gr.

Hér er lagt til að bann við auglýsingu lausasölulyfja í sjónvarpi falli brott.

Lausasölulyf má nú þegar auglýsa í dagblöðum og tímaritum og víðar. Ef auglýsingar lausasölulyfja verða leyfðar í sjónvarpi má gera ráð fyrir að sala þeirra og notkun muni aukast enda er það tilgangur auglýsinga. Þetta þjónar ekki lýðheilsusjónarmiðum og stuðlar ekki að bættri heilsu og vellíðan þjóðarinnar. Sum lausasölulyf hafa óþægilegar og jafnvel hættulegar aukaverkanir og aukin notkun þeirra bætir ekki heilsu almennings. Í athugasemdum með frumvarpinu eru tilgreind rök fyrir þessum breytingum sem embættið telur léttvæg. Embætti landlæknis telur að hér sé farið að þarflausu inn á varasama braut sem vinni gegn skynsamlegri lyfjanotkun í landinu.

Kveðja, Anna Björg Aradóttir

Anna Björg Aradóttir

Sviðsstjóri sviðs eftirlits og gæða
Embætti landlæknis
Barónsstíg 47, 101 Reykjavík
Sími 510 1900. Bréfsími 510 1919
www.landlaeknir.is